



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓRSVÆÐIS

Alþingi
Erindi nr. P 428/783

komudagur 16.1.2003

KJÓS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. janúar 2003

Varðar umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjörsvæðis um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Heilbrigðiseftirlit Kjörsvæðis gerði athugasemdir fh. Mosfellsbæjar við ofangreint frumvarp með bréfi dagsettu.25. mars 2002. Tekið var tillit til hluta athugasemdanna. Heilbrigðiseftirlit Kjörsvæðis hefur nú yfirfarið frumvarpið í heild eftir breytingar sem gerðar hafa verið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

3.gr.

Í greininni eru „losun“ og „varp“ skilgreind, sjá 8. og 24. mgr. greinarinnar. Skv. skilgreiningunum telst það hvorki losun né varp að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu í hafið og því spurning hvort þar með sé átt við að það sé löglegt. Einnig er spurt hvort rétt sé að einskorða skilgreininguna í c. lið við fisk eða hvort ástæða sé til að útvíkka hana í sjávarlífverur.

Heilbrigðiseftirlitið telur að réttara væri að binda ákvæði í b. lið greinarinnar undanþágum. Þá er átt við að það sé ekki beinlínis leyfilegt að losa úrgangsefni og önnur efni í hafið sem orðuð eru skv. b. lið, heldur þurfi að koma til undanþága Umhverfisstofnunar.

4. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun sé heimilt að fela heilbrigðiseftirliti tiltekna þætti eftirlitsins en að sama skapi er gert ráð fyrir skv. frumvarpinu að framkvæmd ráðstöfunar skv. 22., 23 og 24. gr sé áfram í höndum Umhverfisstofnunar við gerð slíkra samninga.

Fullyrða má að almenn óánægja hafi verið innan heilbrigðiseftirlitsgeirans með samninga af þessu tagi sem gerðir hafa verið milli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og Hollustuvernd ríkisins skv. lögum nr. 7/1998. Sú afstaða hefur margsinnis komið fram á sameiginlegum fundum framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Heilbrigðiseftirlit Kjörsvæðis telur að möguleiki þurfi að vera í frumvarpinu á framsali á hvortu tveggja til heilbrigðiseftirlits; eftirliti og þvingunarúrræðum. Þvingunarúrræðum verður að beita í beinu framhaldi af ófullnægjandi eftirliti en það er ekki tryggt ef frumvarpið verður óbreytt. Benda má á að frumvarpi um meðhöndlun úrgangs hefur verið breytt hvað þetta varðar til hins betra.

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

AÐSETUR: Pverholt 2, 270 Mosfellsbær • SÍMI: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÓNG: thn@mos.is og ad@mos.is

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓARSVÆÐIS

8.-10. gr.

Í ofantöldum greinum og hugsanlega grein 16 þarf að koma fram að brot varði tiltekinni refsingu skv. 25. gr og 26. gr. Hver þáttur greinanna þarf að mati Heilbrigðiseftirlitsins að vera svo skýr að hann geti verið liður í efnislýsingu brots. Þegar óljóst er hvenær brot eru refsiverð eins og í framlögðu frumvarpi er hætt við að brot skv. frumvarpinu verði refsilaus nema dómafordæmi skapist um refsingu skv. tilteknum brotum. Einnig má benda á að umhverfisyrifirvöld kæra sjaldan í málum vegna umhverfisbrota og telja má fullvist að ein af ástæðum þess er að kærur ná sjaldan fram að ganga.


14. gr. a.

Fram kemur í greininni að Umhverfisstofnun beri kostnað við mat heilbrigðisfulltrúa á vettvangi (b liður). Ekki er skýrt skv. greininni hvort Umhverfisstofnun beri einnig kostnað heilbrigðisfulltrúa þegar stofnunin felur honum umsjón með aðgerðum. Heilbrigðiseftirlitið telur að svo þurfi að vera.

Í greininni er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti annars vegar falið heilbrigðisfulltrúa stjórn á vettvangi og hins vegar falið slökkviliðsstjóra umsjón með aðgerðum. Skýra þarf hvað felstu í hvoru um sig, stjórn á vettvangi og umsjón með aðgerðum.

Í greininni þarf að geta þess að Umhverfisstofnun ákveði hvenær hreinsun telst fullnægjandi, nema þegar hún hefur falið heilbrigðisfulltrúa stjórn á vettvangi, þá ákveði hann hvenær hreinsun er fullnægjandi.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.